

UMHYGGJA

FÉLAG TIL STUÐNINGS LANGVEIKUM BÖRNUM



2.tbl.11.árg. '07



ADILDARFÉLÖG UMHYGGJU

BARNAGÆÐ, FÉLAG FORELDRA OG ÁHUGAFÓLKS UM GÆÐRASKANIR BARNNA OG UNGLINGA
– www.barnaged.is

Formaður: Margrét ómarsdóttir.
Sími: 695 5200.
Netfang: barnaged@barnaged.is

BARNAHÓPUR GIGTARFÉLAGSINS

Formaður: Linda B. Bragadóttir.
Sími: 568 7693. **GSM:** 868 9376.
Netfang: lbb@simnet.is

BREIÐ BROS - SAMTÖK aðstandenda barna fædd með skarð í vör og góm
– www.breidbros.is

Formaður: Ólafur Jónsson.
Sími: 564 2296. **Netfang:** oj@vis.is

DROPINN, STYRKARFÉLAG BARNNA MEÐ SYKURSÝKI

Formaður: Hálfán Þorsteinsson.
Sími: 897 4345.
Netfang: halfdan@aslandsskoli.is

EINSTÖK BÖRN - FÉLAG TIL STUÐNINGS BÖRNUM MEÐ SJALDGÆFA ALVARLEGA SJÚKDÓMA

– www.einstokborn.is
Sími: 568 2661. **GSM:** 699 2661.
Netfang: einstokborn@einstokborn.is

Starfsmaður á skrifstofu:

Hólmfríður Þórisdóttir.
Sími: 565 0745. **GSM:** 699 0450.
Netfang: holmfridur@vedurehf.is
Formaður: Sædis Björk Þórðardóttir.
GSM: 895 8661 / 899 6920.
Netfang: saedisth@simnet.is

FIMIR FÆTUR - FORELDRAFÉLAG BARNNA MEÐ KLUMBUFÆTUR

www.tv.is/klumbufaetur
Sími: 552 4242

FORELDRAEILD BLINDRAFÉLAGSINS

– www.blindborn.is
Sími: 525 0000
Foreldraráðgjafi:
Inga Dóra Guðmundsdóttir
Formaður: Elín Rún Þorsteinsdóttir.
Sími: 566 8666. **GSM:** 899 1188.
Netfang: erth@centrum.is

FORELDRAFÉLAG BARNNA MEÐ AXLARKLEMMU

– www.axlarklemma.is
Formaður: Sigrún Jóna Sigmarsdóttir.
Sími: 481 2857. **GSM:** 698 2857.
Netfang: siggisigrun@internet.is

FORELDRA- OG STYRKARFÉLAG HEYRNARDAUFRA

– www.fsffh.is
Formaður: Hjörtur H. Jónsson.
Sími: 561 3249. **GSM:** 820 6338.
Netfang: hjorturbryndis@isl.is

HETJURNAR - FÉLAG AÐSTANDENDA LANGVEIKRA BARNNA Á NORÐURLANDI
– www.hetjurnar.is

Formaður: Sveinbjörg Pálsdóttir.
Sími: 868 7410.
Netfang: hetjurnar@simnet.is

LAUF - LANDSSAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM FLOGAVEIKI

– www.lauf.is
Sími: 551 4570. **Netfang:** lauf@vortex.is.
Formaður: Þorlákur Hermannsson.
GSM: 896 5432. **Netfang:** kloii@simnet.is

LIND - FÉLAG UM

MEDFÆDDA ÓNÆMISGALLA
– www.onaemisgallar.is
Formaður: Júlíana Hansdóttir.
Sími: 566 8701. **GSM:** 696 7144.
Netfang: lind@onaemisgallar.is.
Netfang: julianah@simnet.is

NEISTINN - STYRKARFÉLAG HJARTVEIKRA BARNNA

– www.neistinn.is
Sími: 552 5744. **Fax:** 562 5744.
GSM: 899 1823.
Netfang: neistinn@neistinn.is
Formaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
Sími: 557 5629. **GSM:** 690 4027.
Netfang: gudrun@hjartaeill.is

PERTHES – www.internet.is/annaz/perthes
Sími: 552 4242

PKU FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI, FÉLAG UM ARFGENGA EFNASKIPTAGALLA

– www.pku.is
Formaður: Halldór Snorrason.
Sími: 587 9915. **Netfang:** hasn@simnet.is og hasn@flugger.is

SKB - STYRKARFÉLAG KRABBAMEINSSJÚKRA BARNNA

– www.skb.is
Sími: 588 7555 og 588 7559.
Fax: 588 7272. **Netfang:** skb@skb.is
Framkvæmdarstjóri:
Óskar Örn Guðbrandsson.
Sími (vinna): 588 7555, **GSM:** 897 8974.
Netfang: oskar@skb.is
Formaður: Gunnar Ragnarsson.
Sími (heima): 554 1206.
Sími (vinna): 552 2136. **GSM:** 821 4012.
Netfang: gr@byko.is

SPEGILLINN

– www.spegillinn.is
Formaður: Katrín Sif Sigurgeirsdóttir.
Sími: 661 0400/895 7892.
GSM: 659 0818.
Netfang: spegillinn@spegillinn.is

TOURETTE-SAMTÖKIN Á ÍSLANDI

– www.tourette.is
Sími: 840 2210.
Netfang: tourette@tourette.is
Formaður: Sigrún Gunnarsdóttir.
Sími: 553 6164. **GSM:** 866 4433.
Netfang: sigrun.gun@gmail.com

Efni blaðsins

4. MÖRG SKREF TEKIN FRAM Á VIÐ
– Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra spurð út í ný lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

8. Á BARNADEILDINNI RÍKTI MIKIL RÓ
Ásdís Sveinsdóttir lækningaritari á barnadeild Landspítalans segir frá.

10. FÁIR ALMENNIR ÓSÉRHÆFÐIR BARNALÆKNAR LENGUR
– Rætt við Þröst Laxdal um barnalækningar á Landakoti og fleira.

12. STYTTRI LEGUTÍMI EN VEIKARI BÖRN
Rætt við Önnu Ólafíu Sigurðardóttur, sviðsstjóra á barnasviði Landspítalans.

14. EINU SINNI BARN, NOKKRUM SINNUM MÓÐIR, Á BARNADEILD
– Hanna Kristín Guðjónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri lýsir reynslu sinni.

15. „NÆSTUM EINS OG AÐ EIGA HÉR HEIMA,“
segir Sigríður Einarsdóttir móðir fjölfatlaðs drengs, Braga Ólafssonar

16. HÖFUM NÁÐ GÓÐUM ÁRANGRI EN VILJUM NÁ ENN LENGRA.
– Viðtal við Ásgeir Haraldsson, prófessor í barnalækningum.

18. „SYSTKINI SKIPTA LÍKA MÁLI,“
segir Don Meyer, forsprakki bandarísku samtakanna The Sibling Support Project.



20. GOTT AÐ GETA NOTAÐ HLAUPADELLUNA TIL GÓÐS!
Fjallað um Reykjavíkumaraþon Glitnis, þátttökendur í því og fjárstuðning við Umhyggju.

22-27. STYRKIR OG STYRKARLÍNUR
Sagt frá ýmsum sem styrkt hafa Umhyggju á árinu 2007

Umhyggja þakkar Myndasafni Landspítalans fyrir að heimila afnot mynda úr safninu.



Hyllir undir ákveðnar lágmarkstekjur

Á þeim 50 árum sem liðin eru frá stofnun Barnaspítala Hringssins hefur margt breyst, ekki síst viðhorf til hlutverks fjölskyldunnar. Ekki er svo ýkja langt síðan að ríkjandi viðhorf voru á þá lund að allt of erfitt væri fyrir veik börn að foreldrar kæmu í heimsókn til þeirra á spítala. Það truflaði bara barnið og íþyngdi því þegar heimsóknartíma lauk. Nei, þá var nú miklu betra að láta fagfólkið bara um málin.

„Það þarf að gera foreldrum fjárhagslega kleift að sinna börnum sínum á erfiðum tímum.“



Nú þykir sjálfsgott og nauðsynlegt að aðstandendur séu til staðar við þessar aðstæður og styðji börn sín á meðan á veikindum og spítalavist stendur. Almennt er reynt að útskrifa sjúklinga eins fljótt og kostur er – ekki bara vegna þess að það sé ódýrara, heldur fyrst og fremst vegna þess að þeir nái fyrr bata heima hjá sér í faðmi fjölskyldunnar! Nýi barnaspítalinn, sem brátt fagnar 5 ára afmæli, er hannaður með þessi sjónarmið í huga og gert er ráð fyrir að aðstandendur dvelji hjá börnum sínum allan sólarhringinn. Enn er þó nokkuð um börn, sem sækja þurfa læknaaðstoð á full-orðinsdeildum þar sem umhverfið er ekki barnvænt. Þessu þarf að breyta, enda löngu orðið ljóst að hagsmunir sjúklinga eiga að vera ráðandi við innra skipulag sjúkrahússins.

Það þarf að gera foreldrum fjárhagslega kleift að sinna börnum sínum á erfiðum tímum. Nýlega mátti lesa í dagblöðum umfjöllun um að foreldrar í Svíþjóð sendu í auknum mæli veik börn á leikskóla og því breiddust veikindi auðveldlega út. Ýjað var að því að svipað gæti hugsanlega verið upp á teningnum hérlandis, enda er réttur foreldra til að taka sér frí vegna veikinda barna oft á tíðum mjög takmarkaður. Í raun hefur hann tæplega dugað kjarnafjölskyldunni til að sinna hefðbundnum veikindum barna þegar umgangspæstir og eyrnabólgur herja á börnin. Hvað þá ef börnin eru langveik og eru ítrekað frá skóla um lengri tíma vegna veikinda eða geta alls ekki gengið í skóla á eðlilegan hátt. Í slíkum tilfellum eiga foreldrar oft ekki annars kosti en að hætta að vinna til að sinna börnunum.

Það er því fagnaðarefni að nú skuli lög er varða veikindarétt foreldra tekin til endurskoðunar og loksins hylli undir að foreldrum í þessari stöðu séu tryggðar ákveðnar lágmarkstekjur til að geta sinnt langveikum börnum sínum.

Ágúst Hrafnkelsson, formaður Umhyggju

Forsíðumyndina tók Bragi Þór Jósefsson af Fannari Karli Ársælssyni, þriggja og háfs ár, sem var búinn að vera 10 daga á Barnaspítala Hringssins.

TÍMARIT UMHYGGJU

Útgefandi: Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum.
Framkvæmdastjóri Umhyggju og ábyrgðarmaður blaðsins: Ragna K. Marinósdóttir

Stjórn Umhyggju: Ágúst Hrafnkelsson formaður, Leifur Bárðarson varaformaður, Hákon Hákonarson gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir ritari, Guðni Hreinsson, Óskar Örn Guðbrandsson og Rósa Einarsdóttir meðstjórnendur.



2. tbl. 11. árgangur 2007

Ritnefnd: Rósa Einarsdóttir. Leifur Bárðarson og Ágúst Hrafnkelsson
Ritstjórn: Fríða Björnsdóttir og Vala Ósk Bergsveinsdóttir
Útlitshönnun: Ivan Burkni ivanburkni@gmail.com
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Dreifing: Morgunblaðið

Skrifstofa Umhyggju er að Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík;
Sími 552 4242; Fax 588 9272; GSM 863 4243
Netfang: umhyggja@umhyggja.is; Heimasíða: www.umhyggja.is
Óheimilt er að nota efni úr blaðinu nema heimildar sé getið.

Mörg skref tekin fram á við

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segist vonast til þess að ný lög um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna verði samþykkt fyrir jól og taki gildi um áramótin. Greiðslur munu þá koma til framkvæmda frá 1. mars. Umhyggja það Jóhönnu að skýra helstu atriði varðandi breytingar laganna. Með frumvarpinu segir hún verða tekin mörg skref fram á við til að bæta réttarstöðu foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna.

-Hvaða meginþýðingu hafa breytingarnar á núverandi lögum fyrir fjölskyldur langveikra barna og í hverju felast veigamestu breytingarnar?

„Meginbreytingin sem boðuð er með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, nr. 22/2006, er að komið er til móts við þá foreldra sem geta ekki tekið þátt á vinnumarkaði vegna umönnunar barna sinna sem hafa greinst með mjög alvarlega og langvinna sjúkdóma eða mjög alvarlegar fatlanir. Þetta á við óháð þátttöku þeirra á vinnumarkaði, sem og hvenær börnin hafa greinst langveik eða fötluð. Er þar með tryggð jöfn staða foreldra sem eru í sömu aðstæðum óháð öðrum ytri þáttum, svo sem greiningartíma eða atvinnuþátttöku, en það er einn af megingöllum núgildandi laga,“ segir Jóhanna.

„Ég er því þeirrar skoðunar að sá hluti frumvarpsins þar sem lagt er til sérstakt félagslegt kerfi sé tvímælalaust ein mikilvægasta réttarbót þessara fjölskyldna. Það kerfi er ætlað

þeim foreldrum sem geta ekki verið virkir þátttakendur á vinnumarkaði til lengri tíma vegna verulegrar umönnunar barna sinna og hafa jafnvel ekki verið lengi á vinnumarkaði vegna þessara aðstæðna. Þar með er jafnframt verið að tryggja að þeir foreldrar sem nutu ekki góðs af lögnum frá 2006, þar sem börn þeirra höfðu greinst fyrir þann tíma, fái nú fjárhagsaðstoð enda fullnægi þeir skilyrðum frumvarpsins að öðru leyti. Um er að ræða ótímabundinn rétt foreldra til fjárhagsaðstoðar á meðan aðstæður eru óbreyttar eða að barn nær átján ára aldri. Þetta tel ég skipta mjög miklu máli því það hefur verið algjörlega óviðunandi að foreldrar þessara barna hafi ekki átt rétt á fjárhagsaðstoð frá hinu opinbera af þessum sökum á sama tíma og þeir hafa staðið frammi fyrir þeirri staðreynd að geta ekki séð sér og sínum farborða vegna umönnunar barna sinna. Þetta eru jafnframt foreldrarnir sem glíma við alvarlegustu veikindin eða fatlanirnar með börnum sínum. Önnur mikilvæg breyting er sú að verið er að koma á tekjutengdu greiðslukerfi fyrir foreldra sem eru á vinnu-



markaði þegar börn þeirra greinast langveik eða alvarlega fötluð. Gert er ráð fyrir að greiðslurnar nemi um 80% af meðaltali heildarlauna foreldra á tilteknu viðmiðunartímabili en um er að ræða sambærilegar greiðslur og gilda innan fæðingarorlofskerfisins. Þannig er leitast við að stuðla að því að röskun á tekjuinnkomu fjölskyldna langveikra barna verði sem minnst á meðan foreldrar laga sig að breyttum aðstæðum með því að tryggja þeim tekjutengdar greiðslur í allt að sex mánuði. Jafnframt ber að hafa í huga að þessar greiðslur taka við af greiðslum sem launafólk kann að eiga hjá sjúkrasjóðum stéttarféлага vegna veikinda barna sinna.“

LÁGAR GREIÐSLUR – TAKMARKAÐ GILDISSVIÐ

-Aðeins höfðu borist 10 umsóknir um greiðslur í september sl. Hver er ástæðan?

„Meginástæðan er auðvitað sú að gildissvið laganna var takmarkað og greiðslur lágar en eflaust fléttast mörg atriði þar saman. Ein af skýringunum kann því að vera sú að lögin eiga ekki við um foreldra barna sem greindust alvarlega langveik eða fötluð fyrir árið 2006. Því eiga lögin við tiltölulega þröngan hóp foreldra en skilyrði er jafnframt að þeir hafi verið virkir á vinnumarkaði þegar börnin greindust.“

-Í vinnumarkaðstengda kerfinu, sem er boðað í frumvarpinu, er gert ráð fyrir hámarkstekjum 648.250 kr. og 80% af þeirri upphæð í ákveðinn tíma. Síðan komi það sem kallast félagslega kerfið þar sem foreldrar njóti greiðslna að fjárhæð 130 þúsund

„Önnur mikilvæg breyting er sú að verið er að koma á tekjutengdu greiðslukerfi fyrir foreldra sem eru á vinnumarkaði þegar börn þeirra greinast langveik eða alvarlega fötluð.“

kr. ásamt barnagreiðslum. Gefum okkur að foreldri hafi verið með svo lág laun að 80% séu lægri upphæð en 130.000 kr., verður upphæðin þá aldrei lægri en 130 þúsund?

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að í tilvikum þegar tekjutengdar greiðslur reynast lægri en greiðslur innan félagslega kerfisins getur foreldri sótt um síðarnefndu greiðslurnar án þess að sækja fyrst um tekjutengdu greiðslurnar að öðrum skilyrðum frumvarpsins uppfylltum.“

ALVARLEGUSTU TILVIKIN

-Er hægt að útskýra frekar að framlengja megi tekjutengdar greiðslur í allt að sex mánuði í alvarlegustu tilvikunum. Hver eru þau?

„Lögin um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna gera ráð fyrir að framkvæmdaraðili meti aðstæður fjölskyldna heildstætt og eru ekki gerðar breytingar á því með frumvarpinu. Meðal annars er litið til sjúkdóms- eða fötlunarstigs barnsins sem eru skilgreind nánar í reglugerð nr. 543/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, en lagt er til að þau ákvæði verði hluti laganna sjálfra. Þegar vísað er til alvarlegustu tilvikanna er vísað til þess að barn hafi sjúkdóm eða fötlun sem fellur undir 1. eða 2. sjúkdóms- eða fötlunarstig. Enn fremur er litið til umfangs þjónustu greiningar- og meðferðarstofnunar, umönnunarþarfar barnsins samkvæmt mati sérfræðinga, meðal



Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra. Ljósmyndir Bragi Þór Jósefsson.

annars með tilliti til lengdar vistunar á sjúkrahúsi, hjúkrunar í heimahúsi og yfirsetu foreldris, og þeirrar vistunarþjónustu sem í boði er á vegum opinberra aðila.“

-Varðandi grunngreiðslurnar, getur fólk notið þeirra enda-

laust, (til 18 ára aldurs barns), t.d. ef um alvarlega fatlað barn er að ræða og það ástand á varla eftir að breytist eins og gæti orðið með langvarandi veikindi?

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að foreldrar geti átt rétt á fjárhagsaðstoð innan félagslega kerfisins þann tíma sem aðstæður eru óbreyttar þannig að foreldrar uppfylli áfram skilyrði þau sem sett eru fyrir greiðslunum og þá jafnvel til þess tíma er barnið verður átján ára. Aðstæður fjölskyldna langveikra eða alvarlega fatlaðra barna eru endurmetnar reglulega eftir því sem þörf krefur og ekki sjaldnar en árlega.“

TÖLUR LIGGJA EKKI FYRIR

-Reiknað er með að foreldrar um 220 barna geti átt rétt á greiðslum innan þessa nýja kerfis í heild? Hvað er talið að mörg börn greinist langveik árlega og síðan fæðist, eða verði vegna slysa, alvarlega fötluð?

„Því miður liggja þær tölur ekki fyrir. Um er að ræða áætlaðar fjöldatölur út frá reynslunni af umönnunargreiðslum sem greiddar eru til foreldra langveikra eða fatlaðra barna á grundvelli laga um félagslega aðstoð og reynslu Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar. Áætlað er að foreldrar 85 barna komi ný inn í kerfið árlega og njóti þá fyrst tekjutengdra greiðslna og að hluti þeirra þurfi jafnframt að sækja um greiðslur innan félagslega kerfisins þegar vinnumarkaðstengdum greiðslum sleppir.“



Á Barnaspítala Hringsins eiga mörg langveik og alvarlega fötluð börn athvarf.

-Hvernig skýrir þú aukinn rétt þegar barn nýtur líknandi meðferðar?

„Meginreglan er að foreldrar geti ekki átt rétt á greiðslum fyrir sama tímabil. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir undanþágu frá þessari reglu í tilvikum er barn nýtur líknandi meðferðar enda þá tvísýnt um lífshorfur barnsins. Er þá gert ráð fyrir að foreldrar geti átt rétt á greiðslum á sama tíma í allt að þrjá mánuði og skiptir þá ekki máli innan hvors kerfis foreldrar eru. Svo dæmi séu tekin þá geta aðstæður verið þær að annað foreldrið hafi þegar fengið tekjutengdar greiðslur í fjóra mánuði þegar kemur að því að barnið þarf líknandi meðferð. Hitt foreldrið uppfyllir jafnframt skilyrði fyrir tekjutengdar greiðslur og fá þá foreldrar slíkar greiðslur í einn mánuð innan þess kerfis. Síðan geta þeir sótt um greiðslur innan félagslega kerfis-

„Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir undanþágu frá þessari reglu í tilvikum er barn nýtur líknandi meðferðar enda þá tvísýnt um lífshorfur barnsins.“

ins og geta þá átt rétt á greiðslum í allt að tvo mánuði til viðbótar. Uppfylli hitt foreldrið ekki skilyrði fyrir tekjutengdar greiðslur getur það átt rétt á greiðslum innan félagslega kerfisins í allt að þrjá mánuði á sama tíma og fyrrnefnda foreldrið fær áfram tekjutengdar greiðslur í tvo mánuði til viðbótar sem og einn mánuð innan félagslega kerfisins.“



SAMANBURÐUR VIÐ HIN NORÐURLÖNDIN

-Í Grein í Mbl. 28. okt. 2006 segir ráðherra, þá þingmaður í stjórnarandstöðu, „...ég hef margtrefkað á Alþingi að við erum langt á eftir hinum Norðurlöndunum í aðstoð við langveik börn og foreldra þeirra.“ Hvar stöndum við þegar hin nýju lög verða orðin að veruleika?

„Ég tel mig geta fullyrt að með frumvarpinu eru tekin mörg skref fram á við til að bæta réttarstöðu foreldra þessara barna og stöndum við vel samanburð við réttindakerfin á hinum Norðurlöndunum. Kerfið okkar er sérstakt að því leyti að sjúkra- og styrktarsjóðir stéttarfélaganna koma myndarlega á mótis við félagsmenn sína þegar þeir þurfa að leggja niður störf vegna langvinnra veikinda eða alvarlegrar fötlunar barna sinna en síðan tekur þetta kerfi við. Þá hef ég ekki sagt staðar numið en til stendur jafnframt að fara heildstætt yfir þjónustukerfið sem ætlað er þessum fjölskyldum með það að markmiði að bæta það.“

-Hvenær má vænta þess að löggin verði orðin að veruleika og foreldrar, og ekki síður börnin, verði farin að njóta góðs af þeim?

„Vonir mínar standa til þess að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi áður en þingmenn fara í jólafrí en gert er ráð fyrir að verði frumvarpið að lögum taki þau gildi 1. janúar næstkomandi. Hins vegar er gert ráð fyrir að greiðslur komi til

framkvæmda frá 1. mars 2008 en þá geta þeir foreldrar sem sækja um greiðslur eftir áramótin og uppfylla skilyrðin frá áramótum fengið greiðslur fyrir janúar og febrúar 1. mars 2008,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra að lokum.



Jóla kort eftir 13 ára listakonu

Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum, hefur gefið út jóla kort allt frá árinu 2000. Tvisvar sinnum á þessu tímabili hafa fullorðnir listamenn verið fengnir til að teikna kortin, árið 2002 og 2006.

Í önnur skipti hafa það verið börn á Barnaspítala Hringsins sem hafa spreytt sig á að teikna kortið. Nú í ár er það 13 ára telpa, **Esther Ndiyoli Imbula**, sem teiknaði myndina á kortið þegar hún var á Barnaspítalanum í nóvember sl. Þar tók hún þátt í tómsundastarfi barnanna á leikstofu spítalans og árangurinn lét ekki bíða eftir sér. Esther segir: „Mér finnst gaman að spila fótbolta og körfubolta og fara í sund,“ en við sem höfum séð kortið hennar vonum að hún haldi líka áfram að teikna.

Kortið er einstaklega fallega gert með svokallaðri Fólú-þrykkingu þar sem jólatréð sem skreytir kortið og einnig lógó Umhyggju verður þrykkt í silfri. Texti kortsins er með svörtu lettri. Kortið er hægt að kaupa hjá Umhyggju og með því að hringja þangað í síma 552 4242.

2001	Hverfisgötu 49	101 Reykjavík
A.Óskarsson verktaki	Heiðargarði 8	230 Keflavík
Aðalblíkk	Vagnhöfða 19	112 Reykjavík
Aðalvík ehf	Seiðakvísl 15	110 Reykjavík
Akur trésmiðja	Smiðjuvöllum 9	300 Akranes
Akureyrarhöfn	Fiskitanga	603 Akureyri
Alefli ehf		
byggingaverktakar	Parabakka 3	109 Reykjavík
Alhliðapípulagnir	Eldshöfða 7	112 Reykjavík
Allt í einu	Gautavík 17	112 Reykjavík
Almenna		
bílaverkstæðið	Skeifunni 5	108 Reykjavík
Altex/Margaretha	Kringlunni 7	103 Reykjavík
Arkform	Ármúla 38	105 Reykjavík
Arkitektar		
Úti og Inni sf	Pinghóltsstræti 27	101 Reykjavík
Artik Rafting center	Laugavegi 11	101 Reykjavík
Asía	Laugavegi 10	101 Reykjavík
Austurbæjarskóli	v/Vitastíg 1	101 Reykjavík
Álnabær	Síðumúla 32	108 Reykjavík
Áltak ehf	Stórhöfða 33	110 Reykjavík
Áprentun Einaris	Grófinni 6	230 Keflavík
Árbæjarapótek	Hraunbæ 1102b	110 Reykjavík
Árskóli	Box 60	550 Sauðárkrókur
Ártúnsskóli	Árkvörn 4	110 Reykjavík
Ás fasteignasala	Fjarðargötu 17	220 Hafnarfjörður
Ásberg leikskóli	Dyngjuvegi 18	105 Reykjavík
Ásbyrgi Flóra	Frostagötu 2a	603 Akureyri
Bakarinn	Silfurgötu 11	400 Ísafjörður
Barki	Nýbýlavegi 22	200 Kópavogur
Barnahús	Box 4035	124 Reykjavík
Batteríið	Trönuhrauni 1	220 Hafnarfjörður
Betra Lif	Kringlunni 4-6	103 Reykjavík
Betri bílar		
bífreiðaverkstæði	Skeifunni 5c	108 Reykjavík
Betri Stofan		
auglýsingastofa	Fálkakrauni 9	220 Hafnarfjörður
BHS ehf	Fossbrún 2	621 Dalvík
Bífreiðastilling	Faxafeni 12	108 Reykjavík
Bífreiðastöð Þórðar	Dalbraut 6	300 Akranes
Bífreiðaverkstæði		
Friðriks Ólafssonar	Smiðjuvegi 14	200 Kópavogur
Bílaeiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík
Bílaeigan AKA	Vagnhöfða 25	110 Reykjavík
Bílasalan Höfðahöllin	Kletthálsi 2	112 Reykjavík
Bílasmiðurinn	Bíldshöfða 16	112 Reykjavík
Bílaverkstæði		
Sveins Egilssonar	Skeifunni 17	108 Reykjavík
Bílaverkstæðið Toppur	Skemmuvegi 34	200 Kópavogur
Bílrún	Borgarstíg 7	550 Sauðárkrókur
Bílver	Innesvegi 1	300 Akranes
Bílverk	Kaplahrauni 10	220 Hafnarfjörður
Bílvogur	Auðbrekka 17	200 Kópavogur
Bjarg verslun	Stíllholti 14	300 Akranes
Björn Harðarsson	Holti 1	801 Selfoss
Björn málarí	Austurbýggð 10	600 Akureyri
Björnsbakarí	Klapparstíg 3	101 Reykjavík
Bládamannafélag		
Íslands	Síðumúla 23	108 Reykjavík
Blátún	Grandatröð 4	220 Hafnarfjörður
Blíkkrás ehf	Óseyri 16	603 Akureyri
Blíkksmiðjan Vík	Skemmuvegi 42	200 Kópavogur
Blönduósbær	Húnabaut 6	540 Blönduós

BM Vallá	Box 12440	132 Reykjavík
Borgarbyggð	Borgarbraut 11-13	310 Borgarnes
Borgir ehf	Ármúla 1	108 Reykjavík
Bókabúðin Hamraborg	Hamraborg 5	200 Kópavogur
Bókasafn Kópavogs	Fannborg 3-5	200 Kópavogur
Bókasafn		
Reykjanesbæjar	Hafnargötu 57	230 Keflavík
Bókhalds og		
tölvuþjónustan	Böðvarsgötu 11	310 Borgarnes
Bókhaldsstofan ehf	Krosseyrarvegi 17	780 Höfn í Hornafirði
Bókhaldsþjónusta		
Þórhalls	Reynivöllum 3	700 Egilsstaðir
Bókhaldsþjónustan	Víðihlíð 10	550 Sauðárkrókur
Bóksala kennara	Stakkahlíð	105 Reykjavík
Bólstrun Gunnars	Hjarðarholti 9	300 Akranes
Brauðgerð Kristjáns	Hrísalandi 3	600 Akureyri
Breiðholtsskóli	Arnabakka 1-13	109 Reykjavík
Brekuskóli Akureyri	Box 47	602 Akureyri
Brimborg	Bíldshöfða 10	112 Reykjavík
Brunavarnir Suðurnesja	Hringbraut 125	230 Keflavík
Brynja verslun	Aðalstræti 3	600 Akureyri
BSRB	Grettisgötu 89	105 Reykjavík
Bútur ehf	Njarðarnesi 9	600 Akureyri
Búvangur	Brúarlandi	311 Borgarnes
Byggðasafn Akraness	Görðum	301 Akranes
Byggðaðþjónustan ehf	Box 97	202 Kópavogur
Byggingafélag		
Gylfa og Gunnars	Borgartúni 31	105 Reykjavík
Byggingafélagið		
Sandfell	Reykjavíkurvegi 66	220 Hafnarfjörður
Bæjarskrifstofur		
Seltjarnarness	Austurströnd 2	170 Seltjarnarnes
Dalabyggð	Miðbraut 11	370 Búðardalur
Dalakofinn	Fjarðargötu 13-15	220 Hafnarfjörður
Delila og Samson	Grænátúni 1	200 Kópavogur
DK hugbúnaður ehf	Hlíðarsmára 12	201 Kópavogur
DMM Lausnir ehf	Íðavöllum 9b	230 Keflavík
DUSS A.G.	Nónvörðum 8	230 Keflavík
Dvalarheimili aldraðra	Borgarbraut 65	310 Borgarnes
Dynjandi	Skeifunni 3h	108 Reykjavík

Frábæru börnin í Hafnarfirði



Fjórir ungir Hafnfirðingar hafa í annað skipti lagt Umhyggju lið með því að efna til tombólu fyrir utan Fjarðar-kaup og láta síðan afraksturinn renna til félagsins. **Stefanía Kristín Aðalsteinsdóttir, 10 ára, Guðmundur Óðinn Indriðason, 8 ára, Sindri Snær Norðfjörð, 8 ára, og Helena Ásmundsóttir, 11 ára** (vantar á myndina) stóðu fyrir tombólunni og söfnuðu 47.500 kr. í þetta sinn. Áður höfðu þau á annarri tombólu safnað rúmum 21 þúsund kr. **Umhyggja þakkar þessum dugnaðarbörnum fyrir framtakið.**



Á barnadeildinni ríkti mikil ró

Ásdís Sveinsdóttir var lækna-ritari á Barnadeild Landspítalans í „gamla spítalanum“ frá 1957 til 1965, þegar deildin fluttist í „nýja spítalanum“. Minningabrot hennar þaðan eru hljóðlát en þarna ríkti ákveðnar reglur. „Það sem ég man er rósemi þótt auðvitað væru börnin óróleg þegar eitthvað mikið var að. Ég varð ekki vör við mikla óhamingju, heldur fyrst og fremst ró. Deildin var lítil og nærveran mikil, við kynntumst hverju einasta barni. Í dag má spyrja hvort börnin hafi verið þægari þá eða bara bældari?“

Ásdísi, sem var Samvinnuskólastúlka, var boðið árið 1958 að vera lækna-ritari Kristbjörns Tryggvasonar, þá deildarlæknis barnadeildar. Deildin var á 3. hæð í vesturálmum elsta hluta Landspítalans. Fyrsta daginn sýndi Kristbjörn henni pínulítið herbergi í austurálmunni þar sem hennar beið lítið borð með eldgamalli ritvél, sem reyndar var í eigu læknisins sjálfs og nokkuð langur tími leið áður en ný ritvél kom. „Þetta var líka aðsetur læknanna sem urðu stöðugt að hlusta á pikkið í ritvélinni. Þá voru ekki til diktafónar og allt „dikterað“ sem lækna-ritari vildu færa í sjúkraskrárnar og ég skrifaði það jafnóðum á ritvélinu. Og mikið vandaði maður sig!

Eftir að hafa sýnt mér aðstöðuna sagði Kristbjörn að ég ætti að koma á stofugang og skrifa niður það sem hann segði um sjúklingana. Við gengum í halarófu, deildarlæknirinn, deildarhjúkrunarkonan, Árnína Guðmundsdóttir, og nokkrir aðrir og Kristbjörn skoðaði hvern einasta krakka. Ég skrifaði allt niður og bjó mér strax til hraðritun sem enginn skildi

nema ég. Stofugangur var magnaður og tók tíma enda skoðaði læknirinn hvert einasta barn mjög vel. Eftirmiðdagurinn fór í að skrifa skýrslurnar á þetta hryllilega tæki, gömlu ritvélinu, skrifa lækna-bréf, og halda „kartótek“, sjá um biðlista og margt fleira.“

AÐSTÖÐULEYSI

Vinnutilhögun var önnur þá en nú. Deildarlæknir og deildarhjúkrunarkona fóru heim um miðjan daginn og komu síðan aftur um fjögur leytið og unnu fram á kvöld. Vinna Ásdísar dróst líka oft langt fram eftir degi og þótti auðvitað sjálfsgott.

Barnadeildin var ekki stór; aðeins 14 rúma deild, ein stór stofa og þar lágu sex til átta börn og síðan nokkur lítil herbergi. Reynt var að hafa smábörnin sér en þau stærri saman en þetta fór líka eftir því hve veik börnin voru. Á deildinni var eitt skoðunarherbergi og þar fékk maður sér kaffi, settist niður og málin voru aðeins rædd. Gott dæmi um aðstöðuleysið var þegar Gunnar Biering kom heim frá Bandaríkjunum



2.



3.

Ljósmyndir úr einkasafni og myndasafni Landspítalans.

með þekkingu í blóðskiptum nýfæddra barna, þá fóru þau fram á þessu eina skoðunarherbergi. Tæki voru fá á deildinni og börn voru send á skurðstofu Landspítalans þar sem Snorri Hallgrímsson prófessor réði ríkjum, þyrftu þau aðgerð.

REGLUR FRÁ DANMÖRKU

Rætt hefur verið um að börn hafi ekki séð foreldra sína nema einu sinni eða tvisvar í viku, klukkutíma í senn á fimmtudögum og sunnudögum sem nú er alveg óskiljanlegt. „Kristbjörn og Árnína komu áreiðanlega með þessar reglur frá Danmörku og eflaust hefur þetta verið svona í allri Evrópu á þessum tíma. Ég man eftir einu ánægjulegu atviki, þessu tengdu. Á deildinni lá lítið barn með blóðkrabba. Amman kom einn daginn og fékk ekki að sjá barnið. Ég mæti grátandi konunni sem sagði mér hvað hefði gerst. Ég bað hana að hinkra og hringi strax í Kristbjörn sem kom á augabragði, tók utan um gömlu konuna og leiddi inn til barnsins. Ég gleymi þessu aldrei. Einnig var Árnína deildarhjúkrunarkonan undurhlý við börnin. Gott dæmi er lítill drengur að

SANNKALLAÐ ÆVINTÝRI

Ásdís minnst Sigu leikkonu eins og hún var kölluð, Sigríðar Björnsdóttur listmeðferðarfræðings, sem sólargeisla er gladdi börnin óendalega. „Hún var ævintýrið mikla og þótt hún hefði aðeins agnarlitla aðstöðu fyrir allt sitt dót undir stiga sem lá upp á fjórðu hæð fyrir framan sjálfa barnaeildina kom það ekki í veg fyrir að hún ynni sitt starf. Þú hefðir átt að sjá börnin þegar hún birtist. Siga var ævintýri og gat gert allt úr engu. Önnur Sigríður Björnsdóttir, prestfrú úr Borgarfirði, kom á peysufötunum sínum, gekk róleg milli barnanna og kenndi þeim að lesa og reikna á þennan hljóðláta hátt sem er að hverfa úr tilverunni. Loks kom séra Magnús Guðmundsson, brosmildur eldri maður, og sagði börnunum biblíusögur og bað með þeim. Hann hafði verið prestur í Ólafsvík, Þessu fólki fylgdi mikil ró.

Það er hrikalegt að hugsa til þess að börnin fengu ekki heim-sóknir foreldra eða annarra nema þessa tvo daga en að sjálfsgöðu var allt gert til að láta þeim líða vel. Á sumrin var meira að segja farið með rúmin út á svalir þegar sólin skein

„Hún var ævintýrið mikla og þótt hún hefði aðeins agnarlitla aðstöðu fyrir allt sitt dót undir stiga sem lá upp á fjórðu hæð fyrir framan sjálfa barnaeildina kom það ekki í veg fyrir að hún ynni sitt starf“

austan sem hafði verið lengi á spítalanum. Hann spurði Árnínu mikið um það hvar hún ætti heima og vildi gjarnan fá að heimsækja hana. Einn daginn tók hún hann með sér yfir í Eskihlíð þar sem hún bjó. Hann varð voðalega hrifinn enda átti hún eldhús með sjarmerandi, rauðum vegg og fallega stofu. Nokkru síðar segir drengurinn allt í einu: „Viltu eiga mig Árnína?“ „En ég á þig hér, vinur,“ segir hún. „Ekki svoléiðis, ekki hér, heldur í eldhúsinu þínu og stofunni þinni.“ Þessi yndislegi litli drengur dó fljótlega eftir þetta,“ segir Ásdís sem sjálf fór einu sinni með hann niður að tjörn til að gleðja hann því foreldrar hans bjuggu langt í burtu og komust ekki einu sinni til hans á fimmtudögum eða sunnudögum.

og starfsfólkið sýndi börnunum ætíð mikla hlýju. Þegar barnaeildin flutti árið 1965 í nýtt og betra húsnæði og varð að Barnaspítala Hringins breyttist eðlilega margt, en Barnaeild Landspítalans var þörf og góð en auðvitað barn síns tíma,“ segir Ásdís að lokum.

1. Mikil blíða er í svip bæði Árnínu Guðmundsdóttur og þessa litla drengs sem eitt sinn lá á barnaeildinni.
2. Litlir sjúklingar sitja hér á hnjám hjúkrunarkvennanna á Barnaspítala Hringins. Árnína er önnur frá hægri.
3. Ásdís Sveinsdóttir með læknum Kristbirni Tryggvasyni og Víkingi Arnórssyni.



Pröstur Laxdal barnalæknir. Ljósmynd Bragi Þór Jósefsson.

Fáir almennir ósérhæfðir barnalæknar

St. Jósefssystur stofnuðu Landakotsspítala árið 1902. Frá 1936 voru tvær sérstakar stofur fráteknaðar fyrir börn, önnur fyrir drengi og hin fyrir stúlkur. Fyrsti sérmenntaði barnalæknirinn sem fékk þar aðstöðu var Kristbjörn Tryggvason, árið 1941, en hann hvarf síðan til Landspítalans 1956.

Barnadeild var formlega stofnuð þar 1961 og fyrsti yfirlæknir var Björn Guðbrandsson.

Í ársbyrjun 1969 komu tveir ungir læknar til starfa á Landakoti, Pröstur Laxdal og Sævar Halldórsson, báðir nýtskrifaðir barnalæknar frá Bandaríkjunum. „Þegar við komum á Landakot var gert ráð fyrir 30 rúmum fyrir börn en þeim var síðar fækkað niður í 26. Tvær stofur voru þá fráteknaðar fyrir mjög alvarlega heilasködduð og þroskaheft börn, 12-14 talsins, svo þar var legið þétt,“ segir Pröstur Laxdal.

VORU BÓKSTAFLEGA Í GEYMSLU

„Börnin voru ekki tekin úr rúmunum nema rétt til að mata þau og í raun hörmulegt á að horfa. Þau voru bókstaflega í geymslu. Slík upptaka á sjúkrarúmaplássum var ekki æskileg á bráðaspítala, en við tókum bráðavaktir að einum þriðja á móti Landspítalanum. Næsta árið gengum við því í það að koma þessum börnum fyrir á Kópavogshæli og víðar, þar sem þau áttu betur heima. Ég man sérstaklega eftir átakanlegu dæmi, barni með hrikalegt vatnshöfuð. Þrýstingurinn var orðinn

svo ofboðslegur að komin voru sár á höfuðið, þar sem heila- og mænuvökví vætlaði út. Barnið beið dauða síns, enda komu fyrstu heila- og taugaskurðlæknarnir ekki fyrir en þremur árum síðar til landsins.“

LYF Í ÓLÆSTUM SKÁP

Pröstur lýsir því hvernig lyf voru á þessum tíma geymd í olæstum skáp á einni sjúkrastofunni, hjá þroskaheftu börnunum, sem ekki var reiknað með að færu út úr rúmi. Og það sem meira var, yfirhjúkrunarkonan, systir Agnella, tók við munnlegum lyfjafyrirskipunum og meðferðarfyrirmælum frá yfirlækninum. „Þetta var mikið að leggja á minnið. Við tókum strax upp skrifleg fyrirmæli. Systir var að sjálf-sögðu öll af vilja gerð að fylgja eftir nýjungum og skipulagsbreytingum okkar, þessara ungu, áköfu, nýkomnu lækna, en það hefur örugglega reynst henni mjög erfitt og reynt á hana. Ári síðar fékk hún hjartaáfall og fluttist til Kaupmannahafnar og fyrsti íslenski hjúkrunardeildarstjórinn var ráðinn.“

Pröstur og Sævar höfðu verið sex ár í sérfræðinámi í Bandaríkjunum og vanir því að foreldrar gætu setið hjá börnum sínum en það hafði alls ekki tíðkast þarna frekar en á barnadeild Landspítalans. Fyrir þessum tæplega 40 árum voru heimsóknir aðeins leyfðar einu sinni í viku, á sunnudögum milli kl. 3-4. Þess í milli gátu foreldrar fengið leyfi til að kíkja á börnin í gegnum gler ef öruggt var að börnin sæju þá ekki. Heimsóknir voru taldar óþarfar og jafnvel óæskilegar og aðeins til að gera krakkana órólega, óþæga og erfiða. Heim-sóknunum fjölgaði smám saman og árið 1982 var leyfð sólarhringsdvöl foreldra þrátt fyrir óskaplega mikið plássleysi, að sögn Prastar. „Ég man að einu sinni voru 17 dýnur foreldra inni á þessari litlu deild eftir eina bráðavaktina.“

ERFIÐASTI TÍMINN

Fyrstu 10 árin eftir heimkomuna voru þau erfiðustu sem Pröstur segist hafa starfað sem barnalæknir. Læknarnir þurftu að sinna hvers konar vandamálum sem upp komu, en 1980 komu fyrstu sérfræðingarnir með sérstaka undirgrein í barnalækningum. Nú er svo komið að nánast enginn kemur úr námi lengur sem almennur, „alltkunnandi“ barnalæknir. „Ekki var til neinna að leita á þessum fyrstu árum sem höfðu meiri þekkingu á sérhæfðum vandamálum barna en við,“ segir Pröstur og nefnir annað framfaraskref þegar fyrsta heilasneiðmynda-tækið kom til landsins 1981 og síðan segulómunartæki 1990. „Þetta gjörbreytti öllu. Áður voru gerðar svokallaðar heila-loftmyndir. Fyrir röntgenmynda-töku var lofti sprautað í mænu-göng barnanna og átti það síðan að flæða um heilann og sýna ef eitthvað var að. Þetta var sársaukafull og ónákvæm rannsókn.“

HVER SJÚKLINGUR MEÐ EIGIN LÆKNI

„Andrúmsloftið á Landakoti var mjög persónulegt og gott. Sameiginleg kaffistofa var fyrir alla sérfræðinga spítalans sem höfðu mikið samneyti. Þar réðu menn oft ráðum sínum og við barnalæknarnir höfðum góð samskipti við röntgenlækna, skurð- og svæfingalækna og augnlækna. Hver sjúklingur var með sinn eigin lækni sem tók á móti honum í byrjun og bar alfarið ábyrgð á rannsóknum og meðferð frá innlögn til útskriftar, ólíkt því sem tíðkaðist hér á spítölum hins opinbera. Þá voru greiðslur til lækna líka með öðrum hætti. Við



Pröstur Laxdal hugar að ungu sjúklingi á Barnadeild Hringins í Fossvogi. Með honum á myndinni eru Ólafur Thorarensen barnalæknir, Helga Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Helga Eiríksdóttir, hjúkrunardeildarstjóri barnadeildar Hringins í Fossvogi.

fengum ekki föst laun, heldur var greitt fyrir hverja innlögn og hvert unnið verk.“ Barnadeild Landakots flytur svo 1995 í Fossvoginn við sameiningu Landakots og Borgarspítalans í Sjúkrahús Reykjavíkur. Eftir stofnun Landspítala háskóla-sjúkrahúss 2000 verður barnadeildin hluti þess, en er fyrst um sinn áfram í Fossvogi. Barnadeildirnar tvær sameinuðust svo endanlega 2003, þegar Barnaspítali Hringins flutti í nýbygginguna og barnalæknarnir sem byrjuðu árið 1969 og enn voru eftir í Fossvogi, fluttust þangað.

VERKASKIPTING MILLI SPÍTALANNA

„Ekki má þó gleyma því að enn er lítil undirdeild frá Barnaspítala Hringins í Fossvogi fyrir börn á vegum bæklunar-lækna, háls-, nef- og eyrnalækna, sem og slysideildar. Ef lega dregst á langinn eru börnin flutt niður á Hring.“ Pröstur bendir einnig á að áður fyrr hafi alltaf verið nokkur verkaskipting milli Landakots og Barnaspítala Hringins því að allir augnlæknarnir voru þá á Landakoti, öll sykursjúku börnin voru stunduð þar og mikið af þroskaheftum börnum, sem unnin voru upp í samvinnu við Greiningarstöð ríkisins.

Í lokin ítrekar Pröstur hve góður andi hafi verið á gamla Landakoti. Aðspurður hvort hann hafi orðið var við trúarleg áhrif frá systrunum segir hann að sem dæmi megi nefna að þeim hafi verið mikið í mun að skíra sem fyrst óskírð veik börn, jafnvel skemmri skírn til bráðabirgða, ef þau voru talin í bráðri lífshættu.



Landakotsspítali var stofnaður árið 1902.

Inger/LSH/BUSV



Stytttri legutími

-en veikari börn sem þarfnast meiri hjúkrunar

Á Barnaspítala Hringins vinna þverfagleg teymi sérfræðinga, hjúkrunarfræðinga og lækna, með ákveðna sjúklingahópa og verður sérgreinaskiptingin stöðugt meiri samkvæmt upplýsingum **Önnu Ólafíu Sigurðardóttur**, sviðsstjóra á barnasviði Landspítalans.

Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks veita sérhæfða þjónustu fyrir veik börn, unglinga og fjölskyldur þeirra. Í teyminum gefst tækifæri til að samhæfa fræðslu, meðferð og þjónustu fagstétta í samvinnu við skjólstæðingana. Hlutverk sérfræðinga og fagaðila teymanna er einnig fylgið í að starfa og vera ráðgefandi á öllum deildum spítalans, svo sem á göngudeild, dagdeild eða legudeild. Þessi þróun hefur staðið í nokkuð mörg ár, eða frá 1983 er göngudeild fyrir börn með krabbamein var stofnuð, síðar göngudeild barna og unglinga með sykursýki 1992 og göngudeild barna með svefnvandamál 1997.

Skoppa og Skritla heimsækja börn á Barnaspítala Hringing. Mynd úr safni Landspítalans.



NIÐURSTÖÐUR ÞJÓNUSTUKÖNNUNAR

Vorið 2005 fór fram þjónustukönnun á Barnspítala Hringins. Almennt töldu þátttakendur að auka þyrfti upplýsingagjöf og fræðslu, bæði almennt um rannsóknir, niðurstöður og meðferð og sérstaklega varðandi upplýsingar og fræðslu frá læknum og hjúkrunarfræðingum. Yfir 90% þátttakenda töldu þjónustu sviðsins mjög góða eða framúrskarandi og mat á þáttum eins og framkomu/viðmóti, hjálpssemi, verkjameðferð, faglegri færni, aðstöðu og búnaði var almennt framúrskarandi. Í ljós kom að nokkrir þættir þörfuðust þó úrbóta

Anna Ólafía bætir við að foreldrar séu nánast undantekningarlaust hjá börnum sínum mestan ef ekki allan sólarhringinn, ef aðstæður þeirra sjálfrá leyfa.

að mati þátttakenda, mismikið eftir deildum og þá sérstaklega ef skoðað var álit á fæði en 26–53% þátttakenda, mismunandi eftir deildum, töldu þar úrbóta þörf.

FRAMTÍÐARVERKEFNIN

„Nú byggjum við áherslurnar í starfi okkar meðal annars á þessum niðurstöðum, þ.e. að efla fræðslu og stuðning. Sérstaklega var skoðað fæði fyrir foreldra og bætt úr því sem tengdist aðgengi að þjónustunni og kostnaði, en niðurstöðurnar eru okkur frekari hvatning til að gera enn betur.



Árnína Guðmundsdóttir fyrrum yfirhjúkrunarkona á barnadeild Landspítalans gaf Barnspítala Hringins íbúð sína og er myndin tekin við það tækifæri. Sitjandi f.v. eru Anna Ólafía Sigurðardóttir sviðsstjóri, Árnína Guðmundsdóttir hjúkrunarkona og Ásgeir Haraldsson læknir. Standandi: f.v. Aðalbjörg Guðmundsdóttir og Kristín Guðmundsdóttir, systur Árnínu, Sigrún Guðmundsdóttir lögfræðingur og Ásdís Sveinsdóttir lækningaritari, frænkur Árnínu. Úr myndasafni Landspítalans.

Helstu áhersluverkefni okkar til framtíðar er fjölskyldu-hjúkrun, sem miðar að því að efla þjónustu við fjölskylduna. Vinna við þetta verkefni hófst á Barnspítalanum á síðasta ári en nú hefur verið ákveðið að fjölskylduhjúkrun verði einnig innleidd á öllum sviðum og deildum Landspítalans. Fjölskylduhjúkrun byggist á ákveðinni hugmyndafræði um að þegar einn úr fjölskyldunni veikist varðar það hana alla,“ segir Anna Ólafía. „Teiknað er upp svokallað fjölskyldutrú, þar sem fram kemur hverjir tilheyra fjölskyldunni og hverjir séu helstu stuðningsaðilar hennar.

Þegar barn eða unglingur greinist með krabbamein eða annan langvinnan sjúkdóm fer, í ákveðnum tilfellum, hjúkrunarfræðingur viðkomandi teymis í skóla eða leikskóla barnsins og fræðir kennara og starfsfólk um sjúkdóminn og meðferð. Í stökum tilfellum koma vinir barnsins á Barnspítalann og fá upplý-

singar frá fagfólki. Einnig hafa verið skipulagðir stórfjölskyldufundir þar sem fleiri fagaðilar koma að, s.s. sjúkráhusprestur. Þannig þurfa aðstandendur ekki að spyrja sömu spurninganna aftur og aftur heldur fá fræðslu og stuðning, allir samtímis. Ég held að það skipti höfuðmál hvernig við nálgumst fjölskylduna. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir hvað fjölskyldan er að takast á við í veikindunum. Mikilvægt er að varpa ljósi á það hvað sé erfiðast á hverjum tíma, hvað hafi reynst vel í veikindunum og hvað má gera betur.“

FORELDRAR DVELJA HJÁ BÖRNUM

Anna Ólafía bætir við að foreldrar séu nánast undantekningarlaust hjá börnum sínum mestan ef ekki allan sólarhringinn, ef aðstæður þeirra sjálfrá leyfa. Hins vegar sé minna um það þegar sjúklingar séu komnir á unglingsaldur. Heimsóknir systkina séu einnig frjálssar og í raun hafi hvort tveggja verið allt frá 1980. Þó segir Anna Ólafía að mikilvægt sé að fólk gefi sé tíma til að fara frá og borða og hvíla sig. Þá kemur sér vel aðstaðan í foreldraherberginu þar sem fólk getur fengið sér að borða, hvílst eða komist í tölvur og sumir hverjir nánast unnið sína vinnu, nú þegar fjarvinnsla sé orðin algeng. Mikilið sé líka lagt upp úr afþreyingu fyrir börnin, hafi þau heilsu til að nýta sér hana, í leikstofu þar sem leiksskólakennarar hafa umsjón með því sem fram fer.

EINBÝLI

Nokkuð er um tvíbýli á Barnspítalanum en þar þyrftu að vera heldur fleiri einbýli að mati Önnu Ólafíu, enda líti menn ekki á sjúklinginn sem einstakling heldur sé þarna fjölskylda sem þurfi að búa vel að. Það kemur best í ljós þegar skoðuð er aðstaða á einbýlum þar sem foreldri getur sofði hjá barni sínu og vissulega skiptir umhverfið börn sem eru lengi á sjúkráhusinu miklu máli. Á legudeild eru nú fimm einbýli og fjögur tvíbýli, á barnaskurðeild eru þrjú einbýli og fimm tvíbýli.

Athyglisvert er hversu mikil aukning hefur verið í komum barna á dagdeild, göngudeild og bráðamóttöku síðustu ár. Fjöldi þeirra sem koma á bráðamóttöku Barnspítalans hefur vaxið um 40% frá árinu 2003.



Anna Ólafía Sigurðardóttir sviðsstjóri hjúkrunar á Barnspítala Hringins. Ljósmynd Bragi Þór Jósefsson.

Anna Ólafía leggur áherslu í lokin áherslu á að um leið og legutími barna styttest verði þau sem inni liggja veikari og þarfnist meiri hjúkrunar. Jafnframt færast umönnunarbyrðin að nokkru yfir á heimilin. Það segir hún að þurfi í framtíðinni að huga enn betur að með öflugri þverfaglegri göngudeild og heimahjúkrun.



Bragi með móður sinni Sigríði á Barnaspítala Hringins.
Ljósmynd Bragi Þór Jósefsson.



Næstum eins og að eiga hér heima

Viðmót hjúkrunarfólksins og góður aðbúnaður á sjúkrahúsi skiptir langveik börn og foreldra þeirra miklu máli. Það hefur **Bragi Ólafsson**, 15 ára fjölfatlaður drengur, foreldrar hans Sigríður Einarsdóttir og Ólafur Jóhann Ólafsson og systur hans tvær fengið að reyna í gegnum tíðina.

Við höfum verið hér oft," segir Sigríður þegar blaðamaður hitti þau Braga á skurðeild Barnaspítala Hringins, „og höfum farið í gegnum allan pakkann og reynt flest í þessi 15 ár. Þetta er næstum eins og að eiga heima hér, þegar maður er orðinn svona hagvanur og konurnar, því mest eru hér konur, verða eins og góðar vinkonur. Ég hef svo sannarlega ekkert nema gott um þetta að segja.“

Á SPÍTALA Í DANMÖRKU OG Á ÍSLANDI

Bragði fæddist í Danmörku 1992 og var þar fyrst á barnaspítala. Eftir heimkomuna var hann á Landakoti. „Þar var alveg æðislegt og það þótt húsnæðið væri ekki gott. Fólkið

„Við höfum tengst sumum betur en öðrum. Nokkrar konur hafa verið hér með okkur öll árin og við þekkjum þær mjög vel og því fylgir vissulega ákveðið öryggi.“

var allt svo yndislegt. Við fórum á Borgarspítalann þegar barnadeildin fluttist þangað og það var auðvitað frábært. Allt í einu vorum við komin á bjartar stofur og húsnæðið var mun betra. Við prófuðum líka gamla Barnaspítalann en þar fannst okkur ekkert spennandi að vera, líklega vegna þess að við þekktum okkur ekki eins vel þar.“

Sigríður segir að spítalavísing hafi komið í „períóðum“, svoltið mikil fyrst. „Komið hafa löng tímabil þar sem Bragi hefur verið litið á spítala þótt hann hafi verið nokkuð mikið síðasta eitt og hálf ár hér á Barnaspítalanum. Nú sé ég fram á að hann fái kannski svolitla hvíld frá því enda finnst okkur auðvitað best að vera heima. Við erum þó ekkert týnd hérna og okkur líður vel.“ Sjúkrahúsdvölin í Danmörku var ekkert

ólíkt því sem síðar varð hér. Viðmót fólksins var gott og komið fram við alla eins og prins og prinsessur. „Þar vorum við á vökudeild, sem við höfum ekki prófað hér. Aðstaðan hefur ekki alltaf verið eins góð og hún er í dag. Í Danmörku var ég þó inni á sjúkrastofu hjá Braga og með rúm fyrir mig. Á þeim tíma hefur aðstaðan áreiðanlega verið betri þar en hér en er nú svipuð á báðum stöðum.“

LÍTA Á ÞETTA SEM GANG LÍFSINS

Sigríður og Ólafur Jóhann hafa yfirleitt skipst á að vera hjá Braga. „Í sumum legunum höfum við þó aðallega verið hjá honum á daginn en farið heim þegar hann er sofnaður og tryggt að hann mun sofa rólega.“ Núna var Bragi í svo stórrí

aðgerð að foreldrarnir hafa verið hjá honum allar nætur og sofa í rúmi við hliðina á honum. Bragi á tvær systur, 16 og 25 ára. „Maður horfir á systkini langveiks barns og sér að þau líta á þetta sem gang lífsins. Eldri systirin býr á Akureyri en sú yngri kikir inn til Braga og situr hér og lærir. Þær eru hvorki ofurhræddar eða ofurstressaðar og kunna orðið að lifa með þessu og þykir óskaplega vænt um hann.“

Um starfslíðið segir Sigríður: „Við höfum tengst sumum betur en öðrum. Nokkrar konur hafa verið hér með okkur öll árin og við þekkjum þær mjög vel og því fylgir vissulega ákveðið öryggi.“

Einu sinni barn

nokkrum sinnum móðir á barnadeild



Lítill bleik næla, laufblað með rauðri maríuhænu, flaug eftir gólfinu á barnastofunni á barnadeild Landspítalans vorið 1964. **Hanna Kristín**, litla stúlk-an í rúminu, var gjörsamlega miður sín. Hún hafði hvorki áhuga á nælunni né frænda sínum og konu hans sem komin voru í heimsókn. Greinilega gat ekkert glatt hana þessa stundina, enda var hún mikið veik og hafði lítið fengið að sjá foreldra sína, í samræmi við gildandi reglur á þessum tíma, ein heimsókn á viku.

Hanna Kristín Guðjónsdóttir er í dag hjúkrunardeildarstjóri á Landspítala háskólasjúkrahúsi. Hún var lögð á barnadeildina vegna alvarlegra afleiðinga streptokokkahálsbólgu og var komin með blóðflögufæð sem hefði m.a. getað leitt til alls kyns blæðinga.

FORELDRARNIR VISSU EKKI HVÆÐ VAR AÐ

„Ég var sex vikur á deildinni en áður búin að vera veik heima. Í ljós kom að veikindin voru afleiðingar hálsbólgu. Móðir mín segir að henni og föður mínum hafi aldrei verið sagt hvað var að en ég hef lesið sjúkraskána mína. Ég veit að deildin var á þriðju hæð og man að ég var í risastórum sal og þar var fullt af rúmum. Í minningunni lá alveg gríðarlega langur gangur frá salnum. Ein sterkasta minningin er að ég sá rétt glitta í bræður mína standandi í hinum enda gangsins. Rúmið mitt var fyrir miðjum salnum og í minningunni var farið með mig út í annan endann þar sem verið var að sprauta mig og stinga! En mér voru gefnir stera og K vítamín. Kannski var verið að sprauta mig þarna sem ég man eftir mér sitjandi í fangi einhvers.“

Hanna Kristín minnst líka lítillar stelpu í rúmi við hlið hennar. Sú var líklega hjartveik. „Mér fannst hún ekki vera góð við mig þótt mamma vilji ekki kannast við að hún hafi gert mér neitt. Líklega hefur hún bara verið að taka dótið mitt. Henni leið greinilega illa og var vansæl. Varðandi heim-sóknir man ég eftir að mamma kom til mín, en man aldrei eftir pabba og ekki eftir að frændi minn hafi komið með næluna. Sterkasta minningin er um bræður mína við endann á ganginum, en þá fékk ég aldrei að hitta í þessar sex vikur!“ Eitt atvik rifjast upp. Eldri strákur á deildinni fékk Hönnu

Kristínu og aðra stelpu með sér út á spítalasvalirnar. „Það var yndislegt að komast út og horfa yfir en svo kom Árnína hjúkrunarkona og var rosalega reið. Hún var alltaf ofboðslega góð við mig en hefur örugglega orðið hrædd um okkur, ein úti á svölum.“


BREYTING TIL GÓÐS

